

# Himinbenda og Paradisarmissir.

26 maí / 6

Mætti eg óska mér einhvers eina, þá væri það það, að geta dvalið að minsta kosti kafla af sefi minni þar sem væri rétt athugað, rétt ályktað og sagt satt.

Í útlendu timariti sá eg fyrir nokkru látna í ljós undrun yfir ímyndunaraflí því hinu mikla, sem komi fram í lýsingum italska skáldsins Dante á Himnariki og Helviti (Divina commedia). Hvað höfundurinn heitir, sem var að furða sig, hefi eg gleymt; en það gerir lítið til; þessi misskilningur, að skáldið hafi algerlega búið sér til sjálfur það sem hann segir um áðurnefnda staði, er svo algengur. En þó ber kvæðið það alveg greinilega með sér, að Dante lýsir Himnariki og Helviti, ekki eftir því sem hann hugsar sér um það hvernig staðir þessir muni vera, heldur eftir því sem hann þykist séð hafa. Má þar nefna til samanburðar höfund Grímnismála er hann kveður:

Land es heilagt  
es liggja sék  
Ásum og álfum nær.

Verður af slikum kviðum ljóst,  
hvers vegna skáldin fengu, i því  
máli sem spaklegast er, einmitt  
nafn af því að sjá; skáld, skáldi  
þýðir vist sama sem sjáandi.

Skáldin sögðu frá því sem peir þóttust sjá í goðheimum og viðar, og mæltu þá hendingum. Er svo fögur kveðandinn á hinni miklu kviðu Dante, að eg nefni hana himinhendu; er því likast, sem Dante hafi numið hana þegar hann var í Paradis. En á Gunnars-hólma Jónasar sézt þó enn þá betur en hjá Danta, hversu fögur sá kveðandi er.

Til sönnunar því, að Dante yrki um sýnir sinar eða ofsjónir, set eg hér nokkrar linur úr Paradisarpættinum hans, í vitranakviðu hans, sem danska skáldið Molbech hefir þytt. Eitthvað úr Divina commedia hefir verið þytt á íslenzku, en eg hefi það ekki við hendina.

Svo kveður Dante, Paradiso X, 64, o. s. frv.:

Jeg skued flere Lys, der fast mig blinded,  
samle sig i en Krands om os og synge  
mer södt endnu end lysende de skinded.

Það eru underleg ljós, þetta  
sem slá hring utan um menn og  
syngja. En svo hefir skáldinu  
þótt eitthvert sinn sem hann segir.

Enn fremur er svo kveðið (XXXIII, 55):

Fra nu af, mer end noget Sprog kan  
sige  
mit Syn ophøjet var og uden Mage  
saa Mindet for sligt Overmmal maa vige.  
Som den, der ser i Dröm et Billed drage  
forbi, men efter Drömmen alting svinder  
og Sjælens Indtryk bliver kun tilbage:  
saadan er jeg; thi selve Synets Minder  
er svundne fast, men Virkningen den  
søde  
mig end livsaliig geunem Hjertet rinder.

Hér getur skáldið þess, að það  
sé álika erfitt að munaj slikar  
sýnir, eins og drauma. Og i estir-  
farandi línum kveðst hann ekki  
getað hugsað sér aftur, eða sett  
sér sjálfum fyrir hugskotssjónir,  
slika dýrð sem hann sá, eða þótt-  
ist sjá, eins og frá fornu fari er  
heppilega að orði komist um slika  
hluti:

O höje Lys oplöfted over Tinden  
af vort Begreb! skenk mig hvad Tanken  
nægter  
et lidet glimt igen af al din Skinnen;  
og gjör min Tunge kraftig, saa den  
mægter  
af dine Straalers Herlighed at give  
ikkun en Gnist i Arv til Fremtids  
Slægter.

(Siðasta linan hefir þýðandan-  
um mistekist).

## II.

Sýninga- eða vitranakviða Dante  
skiftist í 3 kafla: Helviti, Hreins-  
unareldinn og Paradis. Er svo  
að sjá sem honum hafi það  
alt gleðst verið, sem fyrir hann  
bar í Helviti. Hreinsunareldur-  
inn (Purgatorio) svarar til þess  
sem Swedenborg nefnir andaheim-  
inn (mundus spirituum). Menn-  
irnir á þessari jörð (áherzlan er  
náttúrlega á »þessari« en ekki á  
»jörð«) eru í andaheiminum, mun

lesendum minum þykja þetta  
býsna ótrúlegt, að svipir þeirra  
kunni að birtast á öðrum hnött-  
um, og séu þar teknir fyrir anda-  
heimi, af mönnum sem eru enn  
ekki komnir svo langt í náttúru-  
fræði, að vita af lífinu á öðrum  
hnöttum; má þó margt fram færa  
þessari skoðun til stuðnings.

Það var á fjórtándu öldinni,  
sem Dante orti hiña miklu kviðu  
sína um »annan heim«. Var sú  
öld vitisold sannnefnd, ófriðaröld  
hin mesta; og þá gekk yfir Ev-  
rópu þessi ótrúlega drepani dre-  
sótt, sem nefnd var svartidaði.  
Sautjánda öldin var nokkurs kon-  
ar endurtekning á fjórtándu öld-  
inni um margt; þá var þrjátíu ára  
striðið og drepsóttir miklar og brun-  
ar. Og einsog fjórtanda öldin hefir  
sina miklu trúarkviðu, þannig hefir  
og sautjánda öldin sína kviðu  
Miltons um hina töpuðu Paradís;  
ef til vill er nafn og esni kviðunnar  
ekki án alls sambands við það  
hve djöfullega mernirnir höfðu tek-  
ið spekingnum, sem einhver hin-  
mestu gleðitlindi hafði að færa þeim,  
ef þeir hefðu kunnað að þiggja.

# Himinrhenda.

## Leiðréttning og viðbót.

Nú horfir enn óvænlega í sögu mannkynsins; aldrei hefir verið slikein manndrápa- og skemdarverka-öld einsog nú. Og þegar menn-irnir snúast á móti guði, einsog má segja að þeir geri sérstaklega á manndrápa- og öðrum illverka-tínum, þá fá þeir altaf andskot-ann í lið með sér; eru þetta slysa-tímar miklir, einnig utan við ófrið-inn, og vera má að mennirnir fari heldur ekki varhluta nú af drepsóttunum, sem striðunum fylgdu áður; nýjar drepsóttir (eða drepsóttargerill) hefir þegar gert vart við sig, Ef til vill verður 20. öldin nokkurskonar endurtekn-ing á 14. öldinni. Og ef til vill fær sú öld líka sína trú-arkviðu, eins og afturkippsaldirnar hinar. Og mér þykir ekki ólíklegt að hún mundi þá heita Helviti komið.

En hver veit þó nema að úr rætist; þeir sem hjálpa vilja eru máttugir, þó að þeir fái ekki að-gert, meðan mennirnir, með hatus- og grimdarverkum gera bandalag við andskotann, eða angurmagna, svo eg taki til orða eftir hinni merkilegu trú Forn-Persa.

*Helgi Pjeturss*

Í greininni Himinhenda síðast liðinn sunnudag hafði ýmisleg misprentast, og má því ekki vera ómótmælt, að menn lesi »nýjan drepsóttir« þar sem eg hafði skrifð: nýr drepsýkill. En sýki eða sýkistefil nefni eg það, sem menn hafa kallað sóttkveikju (papógen bakteria). Í Lögréttu 15. nóv. er mynd af ungverskum lækni dr. Czernel, og sagt að hann hafi fundið »geril, sem valdur er að vissri tegund tauga-veiki«. Það er sá sýkill sem eg á við. Er þess getið, að sýkill þessi sé einn hinn næmasti sem sögur fara af. En eg hygg að eiturvera þessi, þessi nýja viðbót við flóra infernalis, hafi ein-mitt til orðið á þessum tímum. Slikar verur vinna mjög á móti því sem eg kalla samstilling lífs-kraftanna, og mundu eftir trú Persa, vera talðar heyra undir ríki myrkrahöfðingjans, Ahri-mans, sem eg í grein minni nefndi Angurmagna. Var trú Persa ein-hver hin bezta að því leyti sem þeir hugðu, að allar umbætur á